

Leiðbeiningar um lokaverkefni

LOK2106

við

Viðskiptadeild

Viðskipta- og raunvísindasviðs

Gildir skólaárið 2010 - 2011

Á fundi háskólaráðs HA þann 7. júlí sl. var m.a. samþykkt að hætt verði að greiða sérstaklega fyrir prófdæmingu í BS/BA/BE d verkefnum við HA. Vegna þessa hefur deildarfundur Viðskiptadeildar ákveðið að leiðbeinendur lokaverkefna gefi að öllu jöfnu einir einkunn í námskeiðinu LOK2106. Telji umsjónarmaður lokaverkefna við skoðun að ósamræmis gæti milli einkunnar leiðbeinanda og leiðbeinandi krafna Viðskiptadeildar um einkunnagjöf eða í mati á milli verkefna þá getur hann óskað eftir að prófdómari meti verkefni. Ef prófdómari og leiðbeinandi eru þá ekki sammála um einkunn, skal meðaltal einkunna þeirra gilda.

Háskólinn á Akureyri

Október 2010

Inngangur

Leiðbeiningar þessar gilda um lokaverkefni LOK2106 við Viðskiptadeild HA skólaárið 2010-2011. Önnur gögn sem tengjast LOK2106 eru skráningareyðublað, trúnaðarsamningur og leiðbeiningar deildar um tilvísanakerfi og heimildaskráningu.

1. Umsjón og leiðsögn

Umsjónarmaður lokaverkefna

Í upphafi hvers skólaárs er skipaður *umsjónarmaður lokaverkefna*. Hlutverk hans er að tryggja að allir nemendur fái leiðbeinendur. Hann aðstoðar nemendur við að setja fram drög að rannsóknarspurningu og ráðleggur þeim um val á leiðbeinanda. Nemar skulu kynna framgang verkefnis síns með framvinduskýrslu sem framsend er af leiðbeinanda þeirra til umsjónarmanns lokaverkefna í lok verkefnaviku vorannar. Umsjónarmaður lokaverkefna tekur við einkunn frá leiðbeinendum og fær rafræna lokaútgáfu verkefnis um leið senda frá leiðbeinanda. Telji umsjónarmaður lokaverkefna við skoðun að ósamræmis gæti milli einkunnar leiðbeinanda og leiðbeinandi krafna Viðskiptadeildar eða í mati á milli verkefna getur hann óskað eftir að prófdómari meti verkefni. Hann velur þá *prófdómara* sbr. reglum um námsmat fyrir HA. Ef prófdómari og leiðbeinandi eru ekki sammála um einkunn, skal meðaltal einkunna þeirra gilda sbr. fyrrgreindar reglur um námsmat.

Leiðbeinandi

Leiðbeinendur koma að jafnaði úr röðum kennara háskólans. Hlutverk þeirra er að veita nemendum leiðsögn varðandi endanlega gerð rannsóknarspurningar, vinnubrögð og efnistöð í lokaverkefnum og þeir samþykkja framlagningu verkefnisins til námsmats. Þeir gefa skriflega umsögn um verkefnið, spyrja nemendur út úr við kynningu/vörn þegar við á og gefa einkunnir. Ef leiðbeinandi telur að verkefni uppfylli ekki lágmarksskilyrði skal hann tilkynna nemendum það svo þeir geti gert á því nauðsynlegar úrbætur fyrir skiladag.

Leiðbeinandi les yfir verkefni, metur það, gefur því einkunn og er ásamt umsjónarmanni lokaverkefna viðstaddur vörn þar sem við á.

2. Framlag nemenda

Miðað er við að hver nemandi leggi fram ríflega hálftrar viku vinnu (um 25 klst.) í fullu námi á hverja einingu eða um 300 klukkustundir alls. Nemendur hafa frumkvæði að verkefnisvali og gera áætlanir og undirbúa fundi er tengjast verkefninu. Áður en eiginleg vinna hefst fyllir nemandinn út *skráningarblað* í samráði við leiðbeinanda. Nemandi skilar rafrænni *framvinduskýrslu* til leiðbeinanda sem sendir hana með umsögn til umsjónarmanns lokaverkefna. Skráningarblaðið er sent umsjónarmanni lokaverkefna og gerir hann athugasemdir áður en verkefni hefjast ef þurfa þykir.

Nemendur skulu sýna leiðbeinanda uppkast að lokaverkefninu eftir því sem það vinnst þannig að hann geti komið með nauðsynlegar ábendingar. Þeir skulu í upphafi fara yfir tímasetningar og koma sér saman um vinnulag samstarfs.

3. Val verkefna og kröfur um þau

Markmið

Að nemandur sýni færni sína í aðferðafræði og vísindalegum vinnubrögðum ásamt því að afla nýrrar þekkingar í viðskiptafræðum, hagnýta sér fræði og aðferðir viðskiptafræða eða færa ríkjandi þekkingu inn á ný þekkingarsvið.

Um verkefni

Almennt skulu nemendur vinna að einstaklingsverkefni. Umsjónarmaður loka-verkefna hefur heimild til að samþykkja að nemendur vinni fleiri en einn saman að lokaverkefni, enda er þá um að ræða umfangsmikla rannsókn og úrvinnslu. Sé um slíkt hópverkefni að ræða skal ávallt fara fram munnleg vörn þar sem nemendur hljóta aðskildar einkunnir.

Nemendur geta á skráningarblaði farið fram á við umsjónarkennara að vinna hagnýtt verkefni í stað hefðbundins. Þá er átt við að þó fræðilegur grunnur sé mikilvægur er ætlast til að nemendur sýni einnig fram á hagnýtt gildi verkefnisins með lausn vandamála úr rekstri fyrirtækja, stofnana og félaga.

Nemendur velja verkefni í samræmi við sína námsbraut eða sitt sérsvið.

Ætlast er til að nemendur sýni frumkvæði við öflun verkefna og alla framkvæmd þeirra. Mikilvægt er að nemendur leiti sjálfir eftir liðsinni málfarsráðunautar ef þarf.

Viðskiptadeild er heimilt að samþykkja að stækka verkefni að umfangi í einingum talið.

4. Tímasetningar

Hér á eftir er lögð fram tímaáætlun.

1. **Kynning.** Umsjónarmaður lokaverkefna hefur skráningu í lokaverkefni og heldur fyrsta fund með nemendum á fjarnemadögum í *október* 2010.
2. **Val verkefna.** Nemendur velja verkefni fyrir *lok nóvember* í samráði við umsjónarkennara lokaverkefna. Skilgreining verkefnis og skráningarblað með undirskriftum þeirra og leiðbeinanda liggur þá fyrir.
3. **Framkvæmdatími.** Verkefnið er unnið á tímabilinu frá *desember til apríl*. Skila skal framvinduskýrslu til leiðbeinanda á þar til gerðu rafrænu eyðublaði fyrir lok verkefnaviku vorannar og er hún svo framsend af leiðbeinanda með umsögn hans til umsjónarmanns lokaverkefna.
4. **Skil verkefnis.** Lokaverkefni er skilað fyrir auglýstan skilatíma til skrifstofu viðskiptadeildar sem staðfestir móttöku. Lokaverkefni er skilað undirrituðu af nemanda og leiðbeinanda í alls fjórum eintökum, tveimur innbundnum eintökum, einu rafrænu loka-eintaki til leiðbeinanda, ásamt einu á tölvutæku formi sem vistað er í Skemmumni.
5. **Mat verkefna.** Leiðbeinandi leggur mat á verkefnið og gefur því einkunn. Ef verkefni eru meira en tólf einingar að heildarumfangi (fjöldi nema x fjöldi eininga) skal vörn fara fram á umsömdum tíma.

5. Uppsetning skýrslu

Frágangur skýrslu

Skýrslur eru skrifaðar með 12 pkt Times New Roman letri með línubili 1,5 og 2,5 sm vinstri spássíu. Meginkaflar byrja á nýrri blaðsíðu og eru aðalfyrirsagnir í **20 pkt Arial** letri. Millifyrirsagnir eru með **16 pkt Arial** letri og undirfyrirsagnir í **12 pkt Arial** letri. Númera skal kafla, myndir/línurit (*fyrir neðan myndina í 10 pkt skáletruðum Arial*) og töflur (*fyrir ofan töfluna í 10 pkt skáletruðum Arial*) sérstaklega.

Leiðbeinandi lengd meginmáls lokaskýrslu nemanda er 40 – 55 blaðsíður en vinni nemendur fleiri en einn að lokaverkefni bætast 15 – 25 blaðsíður við vegna hvers nemanda. Töflur og línurit er æskilegt að nota hóflega í texta til skýringar.

Einfaldast að nota þetta skjal sem grunn því útlit þess er samkvæmt leiðbeiningum.

Forsíða

Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild Viðskipta- og raunvísindasviðs, heiti námskeiðs, heiti verkefnis, fyrir hvern unnið, heiti nemenda, ártal. Sjá nánar forsíður fyrri verkefna.

Næsta síða

Tafla er inniheldur: Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild Viðskipta- og raunvísindasvið, LOK2106, heiti verkefnis, verktími, heiti fyrirtækis, tengiliður, nemendur, leiðbeinandi, upplag, blaðsíðufjöldi, fjöldi viðauka, fylgigögn, útgáfu- og notkunarréttur.

Síða ii

Yfirlýsingar:

- a) „Ég/Við lýsi/um því yfir að ég/við ein/-n/-ar/-ir erum höfundar þessa verkefnis og að það er afrakstur eigin rannsókna“ (undirskrift höfunda/r).
- b) „Það staðfestist að verkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til námsmats í námskeiðinu LOK2106“ (undirskrift leiðbeinanda).

Síða iii

Útdráttur á ensku, hámark 200 orð. Um 5 lykilorð (keywords) á ensku.

Síða iv

Þakkarorð höfunda og/eða persónuleg gullkorn. Staður, dagsetning og nafn.

Síða v

Útdráttur á íslensku, tæp ein blaðsíða á lengd. Um 5 lykilorð á íslensku.

Síða vi

Efnisyfirlit, þ.e. **tafla er inniheldur:** kaflaheiti og blaðsíðutal. (*Ekki of ítarleg*).

Síða vii

Myndaskrá, töfluskrá.

Síða viii

Skilgreiningar, útskýringar á hugtökum og táknum. (*Aukageta*).

6. Möguleg uppbygging lokaritgerða

Inngangur (*bls. 1*)

Skilgreining vandamálsins. Tilurð og markmið verkefnisins.
Rannsóknaspurningar, aðferð og afmörkun verkefnis. Fræðilegur eða sögulegur bakgrunnur. Uppbygging skýrslunnar.

Fræðileg umfjöllun

Tilvísun í fræðilegan texta sem fjallar um viðfangsefni verkefnisins og umfjöllun um verkefnið út frá honum.

Rannsóknaraðferð

Hvað er gert, hvenær, hvernig, hvaða gagna er aflað, þ.e. lýsing aðferða, tækja, tilrauna, viðmiða og þ.h.

Greining / mat

Úrvinnsla upplýsinga, samanburður við fræði, túlkun og mat.

Tillögur

Hvað er lagt til á grundvelli þeirra staðreynda sem aflað er?

Umræða

Rými fyrir hugleiðingar og tilgátur sem koma fram af innsæi eða erfitt er að rökstyðja með fyrirliggjandi gögnum. Nýjar spurningar sem fram komu og aðrir óvæntir atburðir.

Niðurstaða

Rökstudd niðurstaða byggð á tillögum með hliðsjón af umræðu. Takmarkanir, kostir og gallar. Afleiðingar. Framhald rannsókna.

Hagnýtt gildi (þar sem við á)

Rökstutt mat nemanda á hagnýtu gildi verkefnisins sem byggt er á niðurstöðum þess, mati á notkunarmöguleikum og/eða umsögn frá samstarfsaðila. Miðað er við að þessi hluti sé um 2 – 4 blaðsíður. Æskilegt er að umsagnir samstarfsaðila séu hafðar með í viðauka.

Tilvísanir / Heimildalisti

Tilvísanir í heimildir fylgi leiðbeiningum Viðskiptadeildar Viðskipta- og raunvísindasviðs HA.

Viðaukar

V1...Vn. Tölur, myndir, útreikningar o. fl.

Vn+1. Umsagnir samstarfsaðila (þar sem við á)

7. Fjöldi eintaka skýrslu

Skila á tveimur árituðum prentuðum eintökum af skýrslu á skrifstofu Viðskiptadeildar, rafrænu lokaeintaki til leiðbeinanda og einu á tölvutæku formi sem nemandi vistar í Skemmuni. Er þeim ráðstafað sem hér segir:

- Leiðbeinandi framsendir rafrænt lokaeintak verkefnis til umsjónarmanns lokaverkefna ásamt einkunn nemanda og umsögn.
- Leiðbeinandi fær eitt áritað prentað eintak.
- Umsjónarmaður lokaverkefna fær eitt áritað prentað eintak til skoðunar og sendir það bókasafni HA sem að auki fær rafrænt eintak sem nemandi vistar í Skemmuni.
- Með skráningu og innfærslu í Skemmuna verður af sjálfu sér til samkomulag um ráðstöfun og afnotarétt af þeim eintökum sem geymd eru á bókasafninu. Slík ráðstöfun skal vera í samræmi við upphafsskráningu verkefnis eða samkvæmt óskum um breytingu með samþykki umsjónarmanns lokaverkefna.

8. Skil, mat og einkunnir verkefna

Á vormisseri 2011 er *skiladagur* lokaverkefna 18. apríl kl. 16:00 (póststimpill dagsins gildir við póstsendingar). Sjúkra- og endurtökuskil eru kl. 16 þann 16. maí.

Leiðbeinandi les yfir verkefni, metur það, gefur því einkunn, veitir skriflega umsögn og er við vörn þar sem við á.

Við mat skal t.t.t. útlits og yfirbragðs verkefna, uppsetningu og skýrleika efnis, tæknilega framsetningu skýringamynda, efnistösk og umfjöllun, niðurstöður og ályktanir í samræmi við leiðbeinandi kröfur Viðskiptadeildar.

Við munnlega vörn er þátttaka nemenda í verkefninu sannreynd og hækkar því einkunn umsjónarmanns lokaverkefna og leiðbeinanda vegna lokaskýrslunnar ekki við vörnina heldur getur slök frammistaða nemanda leitt til lækkunar.

Nánari **viðmiðun** er sýnd í eftirfarandi töflu þar sem vægi 1 á við um mat á fræðilegu lokaverkefni en vægi 2 um mat á hagnýtu lokaverkefni:

<i>Matsþáttur</i>	<i>Vægi 1</i>	<i>Vægi 2</i>
Fræðileg umfjöllun	25%	15%
Könnun, gagnaöflun	15%	15%
Úrvinnsla, tillögur, umræða	25%	25%
Niðurstaða	20%	20%
Framsetning efnis	15%	15%
Hagnýtt gildi	-	10%
Kynning / Vörn	-	-
Samtals	100%	100%

Gæta skal samræmis í mati verkefna. Hér á eftir gefur að líta leiðbeinandi kröfur við einkunnagjöf:

Einkunn	Umsögn
10	Frábært. Nemandi sýnir mjög óvenjulega færni.
9-9,5	Ágætt. Verkefni gerir umtalsvert betur en að uppfylla kröfur.
8-8,5	Mjög gott. Nemandinn uppfyllir vel þær kröfur sem gerðar eru.
7-7,5	Gott. Nemandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til verkefnis.
6-6,5	Þökkalegt. Heldur meira en lágmarkskröfur.
5-5,5	Nægjanlegt. Verkefnið uppfyllir lágmarkskröfur.
1-4,5	Ófullnægjandi. Stenst ekki lágmark.

Umsjónarmaður lokaverkefna kemur rökstuddum ábendingum skriflega til leiðbeinanda ef hann telur ósamræmis gæta milli leiðbeinandi krafna Viðskiptadeildar og einkunnar leiðbeinanda eða í mati milli verkefna. Hann mun um leið velja *prófdómara* sbr. reglur um námsmat fyrir HA. Ef prófdómari og leiðbeinandi eru ekki sammála um einkunn, skal meðaltal einkunna þeirra gilda.

Samþykki leiðbeinandi ekki framlagningu verkefnis á nemandi rétt á því að fá umsjónarmann lokaverkefna til að velja prófdómara sbr. reglur um námsmat fyrir HA. Við það telst verkefnið formlega ófullnægjandi og gefur leiðbeinandi þá verkefninu einkunn samkvæmt því. Ef prófdómari og leiðbeinandi eru ekki sammála um einkunn, skal meðaltal einkunna þeirra gilda.

Umsögn um lokaverkefni¹

Heiti nemanda:			
Fræðilegt verkefni - Heiti verkefnis:			
Matsþáttur	Vægi af 100	Stig	Stutt umsögn
Fræðileg umfjöllun	25	0	Vel gert/ábótavant
Könnun, gagnaöflun	15	0	Vel gert/ábótavant
Úrvinnsla, tillögur, umr.	25	0	Vel gert/ábótavant
Niðurstaða	20	0	Vel gert/ábótavant
Framsetning efnis	15	0	
Leiðrétting á einkunn vegna kynningar nemenda (ef við á)		0	Vel gert/ábótavant
Samtals	100	0	

Heiti nemanda:			
Hagnýtt verkefni - Heiti verkefnis:			
Matsþáttur	Vægi af 100	Stig	Stutt umsögn
Fræðileg umfjöllun	15	0	Vel gert/ábótavant
Könnun, gagnaöflun	15	0	Vel gert/ábótavant
Úrvinnsla, tillögur, umræða	25	0	Vel gert/ábótavant
Niðurstaða	20	0	Vel gert/ábótavant
Framsetning efnis	15	0	Vel gert/ábótavant
Hagnýtt gildi	10	0	Vel gert/ábótavant
Leiðrétting á einkunn vegna kynningar nemenda (ef við á)		0	Vel gert/ábótavant
Samtals	100	0	

¹ Eyðublöðunum er ætlað að auðvelda umsögn og einkunnagjöf.